

STJÓRNARTÍÐINDI A 11 – 1991

Nr. 65

364

30. september 1991

AUGLÝSING

**um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979,
fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.**

Forseti Íslands féllst hinn 27. þ.m. á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum:

1. gr.

Á eftir orðinu „efnafræði“ í 1. tölul. 1. mgr. 116. gr. bætist: lífefnafræði.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 30. september 1991.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.

Nr. 66

AUGLÝSING

2. október 1991

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 2. október 1991.

F. h. r.

Guðmundur Benediktsson.

Nr. 67

AUGLÝSING

4. október 1991

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 4. október 1991.

F. h. r.

Guðmundur Benediktsson.